

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Oddur Pétur Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur urðunarstaðarins er óbreyttur frá því sem verið hefur og enn hefur ekki verið lokið við framkvæmdir til að aðlaga urðunarstaðinn kröfum starfsleyfis sem gefið var út í desember 2015.

Allmörg frávik frá starfsleyfi voru staðfest í eftirlitsferðinni. Að hluta til er um að ræða sömu frávik og skráð voru í eftirliti árið 2016 og lúta bæði að búnaði staðarins og resktri.

Í kjölfar eftirlits 2016 lagði sveitarfélagið fram úrbótaáætlun og Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlunina, þó með þrengri tímafrestum en sveitarfélagið óskaði eftir. Framkvæmdir til úrbóta eru hafnar, en þeim er ekki lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Farið var um urðunarstaðinn og ástand urðunarreina og yfirbragðs staðarins skoðað.

- Utan við aðkomuhlið voru nokkrir sorpsekkir og merking var horfin af hliðinu. Í kjölfar athugasemda hafa sekkirnir verið fjarlægðir og skv. upplýsingum frá starfsmanni sveitarfélagsins dags. 8.11. er nú unnið að gerð nýs skiltis.

- Við aðkomu var úrgangur sýnilegur í öllum reinum og ekki vel þakið yfir. Þrjár urðunarreinar voru í notkun, ein fyrir grófan úrgang, ein fyrir heimilisúrgang og í einni hefur verið urðaður sláturúrgangur og timbur lagt yfir. Ekki var hægt að sjá sláturúrgang undir timbrinu, en ummerki voru um vargfugl við gryfjuna, bæði mávar og hrafnar flugu upp þegar að var komið og einnig var talsverður fuglaskítur við gryfjuna. Í kjölfar eftirlitsferðarinnar hefur starfsmaður sveitarfélagsins séð til þess að reinum sé lokað og aðeins hafðar opnar þegar unnið er við þær.

- Á SV horni urðunarstaðarins hefur sjónmön verið löguð og jarðvegur lagður yfir hluta nýjustu urðunarreina og sléttað úr. Einnig er nú þekjuefni til staðar til að leggja yfir frágengnar urðunarreinar. Þetta er skv. samþykktri úrbótaáætlun dags. 8.5.2017.

- Víða um urðunarstaðinn var laust fokefni á yfirborði lands, einkum þó í skurðum og við mishæðir.

- Á urðunarsvæðinu var nokkuð um stóra málmhluti, gamla gáma, olíutanka o.þ.h. sem ætti af flytja af vettvangi og koma til endurvinnslu. Einnig voru steypuflekar, gróft timbur o.fl. sem ætti að urða en ekki geyma ofanjarðar, enda er urðunarstaðurinn ekki ætlaður til geymslu.

Í kjölfar athugasemda hefur starfsmaður sveitarfélagsins upplýst að gámar sem eru á svæðinu séu í eigu verktaka sem sér um urðunina. Verktakinn vinnur nú að útbúnaði svæðis við sitt fyrirtæki til að geyma gámana og verða þeir færðir þangað um leið og hægt er. Einnig var upplýst að olíutankar á staðnum séu í eigu N1 og veðrur gengið eftir að þeir verði fjarlægðir. Ennfremur hefur starfsmaður sveitarfélagsins upplýst að unnið verði að betri frágangi svæðisins.

- Við skoðun var ekki búið að grafa frárennisskurði, koma fyrir hreinsivirki eða setja niður sýnatökubrunna. Með tölvupósti dags. 8.11. hefur sveitarfélagið upplýst að frárennisskurður vestan við urðunarsvæði hefur nú verði dýpkaður og að farið verður í að grafa skurðinn sunnan við urðunarsvæðið á næstunni. Einnig var upplýst að sýnatökubrunnar sem voru pantaðir í sumar séu loks komnir á staðinn og unnið er við útbúnað þeirra þannig að þeir verða tilbúnir fyrir næstu sýnatöku.

Fundað var með Oddi Pétri, yfirmanni þjónustumiðstöðvar Vopnafjarðarhrepps, og farið yfir starfsleyfi, kröfur sem gerðar voru í síðasta eftirliti ásamt úrbótaáætlunum sem sveitarfélagið lagði fram (dags. 13.2.2017) sem og svör Umhverfisstofnunar við þeim (dags. 8.5.2017). Athygli vakti að fulltrúi sveitarfélagsins sem er nýráðinn til starfa hafði ekki fengið umrædd gögn til skoðunar, en þessi gögn

hafa nú verið send honum.

Fram kom að símlína sem var innan skipulagssvæðisins hefur verið flutt og að fyrir nokkru voru sýnatökubrunnar pantaðir, en afgreiðsla þeirra dróst. Áform eru um að taka skurði ofan og sunnan urðunarsvæðisins fyrir vetur.

Lítilsháttar breyting frá skipulagi hreinsivirkja var kynnt, þ.e. að taka fráveitulögn frá urðunarsvæðinu og að hreinsivirki sunnar heldur en áformað var. Þetta er gert til að unnt verði að nýta skurð undir rúlluhliði vegar frekar en taka nýjan skurð gegnum Norðausturveg. Einnig eru áform um að hafa siturbeð aftan við hreinsivirki í stað þess að leiða fráveituvatn í lögn eða skurði í Skógalón. Áformi sveitarfélagið að standa að framkvæmdinni á annan veg en kynnt hefur verið er bent á að leggja gögn þar um fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar.

Í samtali kom fram að ekki hefur verið tekið við úrgangi frá Langanesbyggð til urðunar frá miðju ári 2017. Því er ekki líklegt að magn umfram ákvæði í starfsleyfi verði urðað á næstu árum.

Einnig kom fram að frá 1.12. 2017 verður sorphirða á vegum verktaka en ekki á vegum sveitarfélagsins sjálfs og að sami verktaki mun sinna rekstri gámvallar og urðunarsvæðis eftir 1.2.2018.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Grein 1.2 í starfsleyfi um umfang starfseminnar.	Heimild til urðunar er 1.000 tonn á ári, en á árinu 2016 voru urðuð nær 1.400 tonn af úrgangi.

Greinar 2.1 um umhverfi og takmörkun aðgangs og gr. 3.1 um varnir gegn foki úrgangsefna í starfsleyfi.

Þekja úrgangs var ófullnægjandi. Ummerki voru um að vargfugl hefðist við á urðunarstaðnum. Ekki var greinilegt að hann kæmist í æti, en lýkt af lífrænum úrgangi dregur að sér fugl ef þekja er ekki nægileg. Fokefni var víða á urðunarsvæðinu.

Um er að ræða frávík af sama toga og í skýrslu ársins 2016. Í samþykkt við úrbótaáætlun dags. 8.5.2017 var ekki veittur frestur til

Grein 4.3 í starfsleyfi um daglegan frágang urðunarreina.

Urðunarreinar eru ekki þaktar daglega með jarðvegi og ekki með efni sem tryggt er að ekki geti fokið sjálft. Samskonar frávík var skráð í eftirliti 2016. Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að gera skuli rekstarleiðbeiningar og framkvæmdir við jarðvegsmanir, skurði og girðingar til þess að hefta fok fyrir 1.10.2017. Hluta af þessum framkvæmdum var lokið, en þekja í urðunarreinum er ófullnægjandi og því fokefni um

Grein 5.1 í starfsleyfi um skráningar og grein 5.4 í starfsleyfi um skýrslugjöf.

Ekki er vitað til þess að rekstraraðili hafi sent Umhverfisstofnun skráningar skv. kröfu greinarinnar aðrar en magnskráningar úrgangs og niðurstöður rannsókna á sýnum vegna ársins 2016. Samskonar frávík var skráð í eftirliti 2016 og í samþykkt úrbótaáætlunar dags. 8.5.2017 var ekki veitt undanþága frá þessum lið starfsleyfis.

Grein 5.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar.

Sýnatökustaðir skv. kröfum starfsleyfis höfðu ekki verið útbúnir. Sama frávík var skráð í eftirliti 2016 og í samþykktri úrbótaáætlun var veittur frestur til 1.8.2017.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1

Skilti á hliði urðunarstaðarins er ólæsilegt og þarf að endurnýja. Við þetta atriði var einnig gerð aths. í skýrslu ársins 2016.

Athugasemd 2.

Málmar eiga ekki að vera í langtímageymslu á urðunarsvæðinu, þetta á við um gamla gáma, olútanka o. þ.h. sem flytja skal til endurvinnslu.

ANNAÐ

Rétt þykir að halda til haga eftirfarandi:

- Í grein 3.3. kemur fram að sigvatni skuli safnað með skurði neðan urðunarstaðarins, ofan við Norðausturveg og að leiða skuli sigvatn um hreinsivirki og síðan í Skógalón. Í samþykktri úrbótaáætlun er veittur festur til að framkvæma verkið í tveim áföngum og skal ljúka þeim fyrri fyrir 1.8.2018 og þeim seinni fyrir 1.8.2019.
- Samþykkt var að sleppa sýnatökum af sigvatni fyrir 1.5.2017 þar sem sýnatökubrunnar voru ekki til staðar. Þrátt fyrir að þeir hafi enn ekki verið til staðar í október voru tekin sýni í lok september.

09.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir